

Ársskýrsla 2016



Umboðsmaður
skuldara

Umboðsmaður skuldara
Umboðsmaður skuldara
Umboðsmaður skuldara

Efnisyfirlit

Ávarp umboðsmanns skuldara	4
Summary	6
Mannauður	8
Þjónusta	12
Framfærsluviðmið	18
Ráðgjöf	20
Greiðsluaðlögun einstaklinga	28
Fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar	44
Fræðsla og kynning	46
Dómsmál er snertu málefni skuldara	50
Efnahags- og rekstrarreikningur	54

Ársskýrsla umboðsmanns skuldara 2016

Gefin út í desember 2017

Ábyrgðarmaður: Sara Jasonardóttir

Uppsetning: Íslenska umbrotsstofan

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Ávarp umboðsmanns skuldara

Allir geta lent í þeim erfiðu aðstæðum að ráða ekki lengur við fjárhagsskuldbindingar sínar. Þegar svo ber undir er mikilvægt að bregðast við sem fyrst og leitast við að ná jafnvægi á milli skulda og greiðslugetu. Endurskipulagning fjárhags getur veitt einstaklingum lausn undan þungum klyfjum og veitt von til framtíðar. Umboðsmaður skuldara veitir einstaklingum og fjölskyldum endurgjaldslausu aðstoð við úrlausn á fjárhagsvanda. Embættið býður upp á almenna ráðgjöf, úrræði greiðsluaðlögunar og fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta. Þá er jafnframt hægt að senda embættinu erindi sem snerta málefni skuldara.

Þrátt fyrir aukinn hagvöxt og kaupmátt á árinu 2016, fjölgaði umsóknum um greiðsluaðlögun frá árinu áður um tæp 31%. Þá var umsóknarfjöldi um ráðgjöf á árinu 2016 sambærilegur og á árinu 2015. Fasteignaeigendum fækkaði verulega meðal umsækjenda og var því stór hluti umsækjenda á leigumarkaði. Greining á stöðu þessara umsækjenda

leiddi í ljós að um tekjuvanda var að ræða frekar en skuldavanda. Tekjur stóðu þannig ekki undir grunnframfærslu og leigukostnaði sem leiddi til skuldsetningar, oft á óhagstæðum kjörum. Árið 2016 fjölgaði jafnframt yngri umsækjendum, t.d. var hlutfall umsækjenda um greiðsluaðlögun á aldrinum 18-29 ára, 25% árið 2016, í stað 17% árið 2015.

Í ársskýrslunni er að finna ýmsar tölulegar upplýsingar um úrræði embættisins og greiningu á umsækjendum. Lögð var áhersla á myndræna framsetningu. Þá var ákveðið að veita lesendum innsýn í hvað getur falist í ráðgjöf og úrræði greiðsluaðlögunar með sýnidæmum. Athygli vekur hversu há eftirgjöf krafna er í þeim samningum sem tóku gildi árið 2016, en 79% samninga voru með 100% eftirgjöf óveðtryggðra krafna. Þessi niðurstaða helst í hendur við að umsækjendur sem leituðu til embættisins voru í meginþorra tilvika með litla eða enga greiðslugetu til að greiða kröfuhöfum.



Það er lán embættisins að starfsmenn hafa mikla reynslu og þekkingu á þeim yfirgripsmikla málaflokki sem skuldamál einstaklinga tilheyrar. Meðalstarfsaldur er frekar hár, þ.e. 6,6 ár, sé tekið tillit til starfsaldurs þeirra starfsmanna sem störfuðu áður hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna, forvera umboðsmanns skuldara. Í upphafi árs 2016 voru starfsmenn 28 en í árslok hafði starfsmönnum fækkað í 24.

Það er von undirritaðrar að vitund almennings um úrræði embættisins aukist þannig að þeir sem þess þurfa leiti aðstoðar. Embættið hyggst því beita sér í frekari mæli í að veita fræðslu um hlutverk og þjónustu umboðsmanns skuldara. Þá hefur embættið mikinn áhuga á því að taka þátt í verkefnum tengdum fjármálalæsi og fjármálakennslu, þar sem leitast er við að auka fjármálavitund einstaklinga og marka þannig grunn að fjárhagslegri velferð.

Ásta S. Helgadóttir

Summary

When facing financial difficulties it is essential to react promptly. By restructuring finances and establishing a balance between debts and payment capacity, debtors can realistically fulfil their obligations for the foreseeable future. The Debtor's Ombudsman offers free assistance to individuals who have difficulties meeting their financial obligations. The agency offers financial counselling, debt mitigation for individuals and financial assistance for bankruptcy proceedings.

Despite an increase in economic growth and purchasing power in the year 2016, the number of debt mitigation applications has risen by 31% in a year. The number of counselling applications in 2016 was similar to the number in 2015. Considerable fewer applicants in 2016 were property owners but the number of renters increased at the same time. The applicants' difficulties were in most instances related to low income rather than to high financial liabilities. In these instances income did not cover living expenses and rent, which led to undertaking short


period loans, often with unfavourable terms. In 2016 the number of younger applicants increased, for example the number of 18 – 29 year olds seeking assistance rose from 17% in 2015 to 25% in 2016. 79% of debt mitigation contracts in 2016 involved a complete cancellation of individual claims.

The Debtor's Ombudsman plans to bring further information on the agency's functions to the public so that its resources will become better known to those who find themselves in financial difficulties. The agency also seeks ways to increase the financial understanding of individuals, in means to promote better financial welfare in the society.

This annual report gives an overview of statistics about the Debtor's Ombudsman's financial resources and an analysis of the applicants.



Mannauður



september 2016



Mannauður

Menntun starfsmanna

Lögfræði

Viðskiptafræði

Rekstrarfræði

Stjórn málafræði

Tækniteiknun

Félagsráðgjöf

Kennarafræði

Félagsvísindi

Bókasafns- og upplýsingafræði

Sálfræði



7


Fjöldi starfsmanna sem bættu við sig menntun á árinu

Fjöldi starfsmanna




Í upphafi árs 2016 voru starfsmenn 28 en í árslok hafði starfsmönnum fækkað í 24.

Kynjaskipting



Starfsaldur starfsmanna




Aldur stofnunar

Meðalstarfsaldur*

*Starfsaldur hjá Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna er meðtalinn.

Málafjöldi á hvern starfsmann



Fjöldi móttækinnna umsókna á starfsmann eftir árum.

Viðhorf starfsmanna til vinnustaðarins

Stjórnun (4,27 af 5)

Starfsandi (4,51 af 5)

Launakjör (3,47 af 5)

Sveigjanleiki í vinnu (4,7 af 5)

Sjálfstæði í starfi (4,43 af 5)

Miðað við allar aðrar stofnanir sem og miðað við aðrar stofnanir með 20 – 49 starfsmenn.

*Gallup stofnun ársins 2016.



71%

Hlutfall starfsmanna sem nýta sér líkamsræktarstyrk

Þjónustan



Þjónusta UMS
er ókeypis



Þjónusta UMS
er rafræn

Ráðgjöf

Greiðsluáðlögun

Fjárhagsaðstoð vegna
greiðslu skiptakostnaðar

Hlutverk umboðsmanns skuldara er skilgreint í lögum nr. 100/2010 um umboðsmann skuldara. Í fyrsta lagi skal veita einstaklingum sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausa aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita leiða til lausnar. Í öðru lagi skal hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi. Í þriðja lagi skal veita atbeina við tilraunir til samninga um greiðsluáðlögun. Í fjórða lagi skal útbúa framfærsluviðmið og uppfæra það reglulega. Í fimmta lagi skal taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds. Í sjötta lagi skal gæta hagsmuna skuldara og veita þeim

aðstoð þegar við á. Í sjöunda lagi skal veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna. Þjónusta umboðsmanns skuldara er meðal annars veitt í persónulegum viðtölum í húsakynnum embættisins, í gegnum tölvupóst, í síma og á heimasíðu embættisins www.ums.is.

Rafræn umsókn hefur aukið aðgengi að úrræðum embættisins. Samþykki til gagnaöflunar er veitt rafrænt með Íslykli eða rafrænum skilríkjum. Upplýsinga er aflað í gegnum vefþjónustu við Tryggingastofnun, Ríkisskattstjóra, Lánasjóð íslenskra námsmanna, Arion banka, Íslandsbanka, Landsbanka, Íbúðalánasjóðs og Motus.



Framfærsluviðmið







Samkvæmt lögum um umboðsmann skuldara ber embættinu að útbúa framfærsluviðmið og uppfæra reglulega. Framfærsluviðmið umboðsmanns skuldara er ætlað sem viðmið fyrir framfærslu þegar leitað er lausna á skuldavanda með úrræðum embættisins. Viðmiðin eru ætluð til styttri tíma heldur en til dæmis dæmigerð viðmið velferðarráðuneytisins. Viðmið embættisins taka mið af raunútgjöldum íslenskra heimila og eru uppfærð mánaðarlega miðað við vísitölu neysluverðs.

Umsækjendur þurfa sjálfir að tiltaka í umsókn sinni ýmsan kostnað við framfærslu, svo sem vegna leigu, hita, rafmagns, dagvistunar barna og fasteignagjalda, og er þeim bætt við annan kostnað til að reikna út heildarframfærslukostnað fjölskyldunnar.

Viðmiðin taka þannig tillit til aðstæðna hjá hverjum og einum umsækjanda.

Reiknivél fyrir framfærsluviðmið má finna á www.ums.is

Framfærsluviðmið í desember 2016

								
	Matur og hreinlætisvörur	Föt og skór	Læknis og lyfjakostnaður	Tómstundir	Samskipti	Önnur þjónusta	Rekstur bíls/almenningsgöngur	Samtals
1 + 0 	40.076	6.054	8.554	10.884	10.084	3.748	43.965	123.364
1 + 1 	62.500	10.060	10.403	20.265	12.162	6.245	43.965	165.600
1 + 2 	81.051	14.066	12.253	28.391	14.240	8.743	48.687	207.430
1 + 3 	95.727	18.071	14.102	35.263	16.318	11.241	58.703	249.425
1 + 4 	106.529	22.077	15.952	35.263	18.395	13.738	63.425	275.380
1 + 5 	106.529	26.083	17.801	35.263	20.473	16.236	76.045	298.430
2 + 0 	74.063	8.179	12.764	19.460	14.708	7.453	43.965	180.592
2 + 1 	96.488	12.185	14.613	28.841	16.786	9.951	48.687	227.551
2 + 2 	115.039	16.191	16.463	36.967	18.864	12.448	58.703	274.674
2 + 3 	129.715	20.197	18.312	43.839	20.942	14.946	63.425	311.375
2 + 4 	140.517	24.203	20.162	43.839	23.019	17.444	76.045	345.228
2 + 5 	140.517	28.208	22.011	43.839	25.097	19.941	80.767	360.381

Ráðgjöf



Umsóknir

586



Afgreiddar umsóknir

603

Eitt af verkefnum umboðsmanns skuldara er að veita einstaklingum endurgjaldslausa ráðgjöf um fjármál. Þeim sem leita til embættisins er bent á að sækja formlega um ráðgjöf svo hægt sé að veita ítarlega og persónulega ráðgjöf sem byggir á þekkingu á fjárhagsstöðu umsækjanda.







Í kjölfar úrvinnslu umsóknar fær umsækjandi í hendurnar samantekt á fjárhagsstöðu sinni, greiðsluferfiðleikamat, og ef mögulegt er tillögur til úrbóta. Í einhverjum tilvikum aðstoða ráðgjafar umsækjendur við að leita samninga við kröfuhafa sem geta m.a. falið í sér lengingu á lánum, niðurfellingu dráttarvaxta, frystingum eða skuldbreytingu lána. Ráðgjöf getur einnig falið í sér tillögur um lækkun útgjalda. Ef framangreind úrræði duga ekki er umsækjendum ráðlagt að sækja um greiðsluaðlögun einstaklinga eða fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta.

Á árinu 2016


Tekið var upp nýtt verklag við vinnslu mála sem bárust frá einstaklingum sem óskuðu eftir aðstoð embættisins við samninga við kröfuhafa við lok greiðsluaðlögunartímabils. Málin, sem áður voru unnin af umsjónarmönnum greiðslu-aðlögunarmála, voru færð í ferli ráðgjafar og eru nú unnin af ráðgjöfum embættisins sem greiðslumeta umsækjendur og hafa milli-göngu um samninga við kröfuhafa varðandi þann hluta krafna sem ekki fengust niðurfelldar við greiðsluaðlögun.




Ráðgjöf í tölum



Ráðgjöf í tölum



Meðalgreiðslugeta



- Fasteignalán
- Bílalán
- Önnur bankalán
- Meðlög
- Raðgr./kreditkort
- Námslán
- Skattur, vsk ofl
- Aðrar skuldir
- Yfirdráttur

Hlutfall umsækjenda með neikvæða greiðslugetu 2016

46%



Dæmi um ráðgjöf



Örorka og á vinnumarkaði



Leiguhúsnæði



Bifreið



Tekjur 549.813 kr.

- Tryggingastofnun
- Laun



Framfærslukostnaður 401.764 kr.

- 2+0 viðmið UMS
- Önnur föst útgjöld
- Húsaleiga



Greiðslugeta 148.049 kr.



Heildarskuldir 13.780.572 kr.

Þar af

- Íbúðalánasjóður 10.730.806 kr.
- LÍN 2.720.292 kr.

Tillaga ráðgjafa



- Sækja um afskrift á eftirstæðri kröfu Íbúðalánasjóðs á þar til gerðu eyðublaði
- Greiða niður vanskil hjá LÍN á 6 mánuðum
- Greiða niður skuldir við Tollstjóra á 3 mánuðum
- Leita samninga við innheimtuaðila um að greiða aðrar skuldir með 170.000 kr. eingreiðslu gegn því að fá vexti og kostnað felldan niður
- Að 6 mánuðum liðnum standa aðeins kröfur LÍN eftir sem greiddar eru með hefðbundnum hætti



Greiðsluaðlögun einstaklinga



Umsóknir

309



Samþykkt

75%



Synjað

25%

Þann 1. ágúst 2010 tóku gildi lög um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010, á sama tíma og lög um umboðsmann skuldara nr. 100/2010 tóku gildi og embætti umboðsmanns skuldara tók til starfa. Markmið laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er að gera einstaklingum í verulegum greiðsluferfiðleikum kleift að endurskipuleggja fjármál sín og koma á jafnvægi milli skulda og greiðslugetu þannig að raunhæft sé að skuldari geti staðið við skuldbindingar sínar um fyrirsjáanlega framtíð.

Vinnsla greiðsluaðlögunarmála fer nú að öllu leiti fram innan embættisins þar sem umsjónarmaður sinnir vinnslu greiðsluaðlögunarmáls frá upphafi til enda.

Kærðar ákvarðanir

Þann 1. janúar 2016 öðluðust lög nr. 85/2015 um úrskurðarnefnd velferðarmála gildi og tók hún við af


kærunefnd greiðsluaðlögunarmála. Í desember 2016 úrskurðaði kærunefnd greiðsluaðlögunarmála í síðustu málunum sem nefndin hafði til vinnslu og höfðu borist nefndinni fyrir gildistöku laga nr. 85/2015.

Alls voru 60 ákvarðanir um synjun, niðurfellingu um heimild til greiðsluaðlögunarumleitana eða ákvörðun umsjónarmanns um að mæla gegn nauðasamningi kærðar á árinu 2016 til úrskurðarnefndar velferðarmála.


Samtals bárust 168 úrskurðir frá úrskurðarnefnd velferðarmála og forvera hennar, kærunefnd greiðsluaðlögunarmála, á árinu 2016. Alls voru 108 ákvarðanir umboðsmanns skuldara staðfestar og 24 ákvarðanir voru felldar úr gildi.




Greiðsluaðlögun í tölum




Umsóknir milli ára




Heimild til að leita greiðsluaðlögunar felld niður



Afturkallaðar umsóknir



Máli lokið án þess að samningur hafi komist á




Eigið húsnæði
9%




Leiguhúsnæði
66%




Annað
25%




Meðalskuld milli ára





Meðalráðstöfunartekjur milli ára




Meðaleign milli ára



Greiðsluaðlögun í tölum



Meðalgreiðslugeta



Hlutfall umsækjenda með neikvæða greiðslugetu 2016

58%



Dæmi um greiðsluaðlögun



Örorka



Leiguhúsnaði



Bifreið



Tekjur 274.781 kr.

- Tryggingastofnun
- Lífeyrissjóður
- Húsaleigubætur




Framfærslukostnaður 283.425 kr.

- 1+0 viðmið UMS
- Húsaleiga
- Önnur föst útgjöld



Greiðslugeta -8.644 kr.



Heildarskuldir 8.346.571 kr.

Samningur



- Allar skuldir falla undir samning
- 100% eftirgjöf allra skulda
- Ekkert samningstímabil
- Heldur hóflegri bifreið



Dæmi um greiðsluaðlögun



Bæði á vinnumarkaði



Eigin fasteign



Bifreið



Tekjur 533.915 kr.

- Laun
- Barnabætur



Framfærslukostnaður 394.912 kr.

- 2+2 viðmið UMS
- Önnur föst útgjöld



Greiðslugeta 159.003 kr.



Heildarskuldir 34.994.307 kr.

Þar af

- Utan samnings um greiðsluaðlögun
 - LÍN 4.936.399 kr.
- Veðkröfur
 - Innan matsverðs fasteignar 23.910.000 kr.
 - Utan matsverðs fasteignar 4.217.424 kr.
- Samningskröfur 1.940.484 kr.

Samningur

24 mánaða tímabil

- Afborgun af veðkröfum innan matsverðs 125.412 kr.
- Afborgun af veðkröfum utan matsverðs og öðrum samningskröfum 33.519 kr.
- Eftirstöðvar samningskrafna felldar niður í lok tímabils
- Frestun á afborgunum námslána í 24 mánuði

Í lok tímabils

Að 24 mánuðum liðnum falla eftirstöðvar allra samningskrafna niður. Umsækjendur geta þegar þrjú mánuðir eru til loka samnings sótt um afmáningu veðbanda umfram matsverð af fasteign sinni. Samningurinn kveður á um að afmáðar veðkröfur hljóti sömu eftirgjöf og aðrar samningskröfur þ.e. 100%


Samantekt



- Halda fasteign
- 100% eftirgjöf allra samningskrafna
- Sækja um afmáningu veðkrafna utan matsverðs fasteignar og fá 100% eftirgjöf á þeim kröfum
- Standa eftir með hóflega fasteign m.v. fjölskyldustærð sem þau hafa tök á að greiða af og greiða af námslánum

Samningar í tölum

Samningar í heild



Meðalgreiðslugeta á mánuði 2016

-16.456 kr.

Hlutfall með neikvæða greiðslugetu 2016

36%



Meðalskuld 2016

14.426.894 kr.




Meðaleign 2016

4.589.513 kr.




Meðalráðstöfunartekjur á mánuði 2016

366.403 kr.




- Fasteignalán
- Bílalán
- Önnur bankalán
- Meðlög
- Raðgr./kreditkort
- Námslán
- Skattur, vsk ofl
- Aðrar skuldir
- Yfirdráttur




- 100% eftirgjöf
- 90% eftirgjöf
- 50-80% eftirgjöf
- 0% eftirgjöf
- Hlutfallsleg eftirgjöf og ekkert tímabil
- Ekkert tímabil og 100% eftirgjöf

Samningar með veðkröfur




Mikil fækkun samninga með veðkröfum milli ára.

Meðallengd samninga í mánuðum




Samningar í tölum

Samningar með 100% eftirgjöf



Meðaleftirgjöf



Hlutfallslega fleiri samningar með 100% eftirgjöf.

Meðaltalseftirgjöf jókst um 5 prósentustig milli ára.






Samningar

Á meðan samningur er í gildi

Breyting á samningi

Ef upp koma ófyrirsjáanlegar aðstæður á tímabili greiðsluaðlögunar, eftir að samningur er kominn á, sem veikja getu skuldara til þess að standa við samning sinn getur skuldari óskað eftir því við kröfuhafa að samningnum verði breytt. Unnið var eftir því verklagi sem komið var á fót árið 2013 þar sem embættið annast milligöngu við kröfuhafa fyrir hönd skuldara þrátt fyrir að lögin geri ráð fyrir að skuldari sinni sjálfur því hlutverki. Ef fjárhagsstaða skuldara batnar umtalsvert á tímabili greiðsluaðlögunar geta kröfuhafar krafist breytingar á samningi.

Á árinu 2016 var í eitt skipti óskað eftir breytingu af hálfu kröfuhafa. Var beiðni kröfuhafa um breytingu samþykkt. Eitt breytingarmál beið vinnslu í árslok 2016.



Við lok samnings



Málalok

Vinnsla við málalok hófst árið 2013. Annars vegar er um að ræða aðstoð við fasteignaeigendur við lok tímabils greiðsluaðlögunar til þess að sækja um afmáningu veðkrafna hjá sýslumönnum, eigi þeir rétt á slíku. Hins vegar er um að ræða endurskipulagningu, þar sem veitt er aðstoð við skuldara sem hafa ekki tök á að greiða eftirstæðar kröfur í kjölfar hlutfallslegrar eftirgjafar eða ná ekki ásættanlegum samningum við kröfuhafa um mánaðarlegar greiðslur við lok greiðsluaðlögunar.

Á árinu voru endurskipulagningarmál sem áður voru unnin af umsjónarmönnum greiðsluaðlögunarmála, færð í ferli ráðgjafar og eru nú unnin af ráðgjöfum embættisins.


Afmáning við lok samnings

Við lok tímabils greiðsluaðlögunar er hægt að sækja um afmáningu veðkrafna, umfram markaðsvirði eignar. Afmáning felur það í sér að afmáðar kröfur eru ekki lengur veðkröfur sem hvíla á eign, heldur verða þær að samningskröfum. Afmáning felur því ekki í sér eftirgjöf á kröfum nema um hana sé samið í greiðsluaðlögunarsamningi. Samkvæmt lögum er það hlutverk sýslumanna að afmá veðréttindi við lok greiðsluaðlögunar. Skuldari þarf sjálfur að sækja um afmáningu áður en þrjú mánuðir eru til loka greiðsluaðlögunar og skila inn verðmati frá tveimur löggiltum fasteignasölum. Umboðsmaður skuldara aðstoðar skuldara við gerð greiðslumats og öflun nauðsynlegra gagna. Uppfylli skuldari skilyrði afmáningar færir sýslumaður veðréttindi niður að markaðsvirði eignar. Skilyrði afmáningar eru m.a. að skuldari verði um fyrirséðað framtíð ófær um að standa í fullum skilum með allar áhvílandi veðskuldir og önnur greiðslu-erfiðleikaúrræði duga ekki til að skuldari geti staðið í fullum skilum með þær veðskuldir sem áfram hvíla á fasteigninni eftir afmáningu.



- Samþykkt afmáningarmál hjá sýslumanni
- Afmáningarmálum synjað hjá sýslumanni

Ferli greiðsluaðlögunar



Fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta



Umsóknir

279



Samþykktar

112



Synjað

95



Felldar niður

92

Lög um fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir skiptakostnaði vegna gjaldþrotaskipta nr. 9/2014 tóku gildi 1. febrúar 2014.

Úrræðið felst í því að umsækjandi óskar eftir því að fá fjárhagsaðstoð til að greiða kostnað vegna gjaldþrotaskipta að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Helstu skilyrðin eru að umsækjandi eigi í verulegum greiðsluferfiðleikum, umsækjandi geti ekki staðið skil á tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta og að önnur greiðsluvandaúrræði dugi ekki til að leysa greiðsluvanda umsækjanda. Þá eru einnig sambærileg skilyrði og finna má í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga nr. 101/2010 og umsækjandi þarf að uppfylla til þess að fá heimild til að leita greiðsluaðlögunar.


Þeir sem fengu synjun um fjárhagsaðstoð gátu eftir sem áður fengið gögn og leiðbeiningar um hvernig þeir geta óskað

gjaldþrotaskipta hjá héraðsdómsstól en þurftu þá að greiða tryggingu sjálfir.






Á árinu 2016 óskuðu 99 þeirra einstaklinga, sem hafa fengið samþykki fyrir fjárhagsaðstoð til greiðslu tryggingar fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta, eftir að bú þeirra yrði tekið til gjaldþrotaskipta. Engin tímamörk eru á vilyrði umboðsmanns skuldara um að greiða tryggingu fyrir kostnaði vegna gjaldþrotaskipta og því getur liðið nokkur tími frá því að samþykki til fjárhagsaðstoðar er veitt þar til óskað er eftir gjaldþrotaskiptum. Við lok árs höfðu 69 einstaklingar ekki nýtt sér samþykki fyrir fjárhagsaðstoð.

Kærðar ákvarðanir


Þrjár ákvarðanir umboðsmanns skuldara um synjun á veitingu fjárhagsaðstoðar voru kærðar til velferðarráðuneytisins. Ein ákvörðun var felld úr gildi og tvær staðfestar.



Fjárhagsaðstoð í tölum




Fjárhagsaðstoð í tölum



- Fasteignalán
- Bílalán
- Önnur bankalán
- Meðlög
- Raðgr./kreditkort
- Námslán
- Skattur, vsk ofl
- Aðrar skuldir
- Yfirdráttur

Meðalgreiðslugeta



Hlutfall umsækjenda með neikvæða greiðslugetu 2016

50%



Fræðsla og kynningarmál

Meðal hlutverka umboðsmanns skuldara er að veita alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna. Hefur þetta verið gert með ýmsum hætti, svo sem með upplýsingum á heimasíðu og á facebook síðu embættisins og með samskiptum við fjölmiðla vegna vanda skuldara og þeirra úrræða sem í boði eru.

Á árinu 2016 tók umboðsmaður skuldara þátt í virkni úrræðinu TINNA sem er tilraunaverkefni í Breiðholti með það að markmiði að styðja einstæða foreldra og börn þeirra sem fá fjárhagsaðstoð. Þátttakendum verkefnisins er veitt fjölþætt þverfagleg þjónusta ólíkra aðila innan velferðar- og menntakerfis auk virkni og atvinnumiðlunar. Umboðsmaður skuldara kom að verkefninu með einstaklingsmiðaðri fjármálafræðslu og aðstoðaði þátttakendur við að leita viðeigandi greiðsluvandaúrræða.

Umboðsmaður skuldara tók í apríl og í september 2016 þátt í námskeiðum um greiðsluvandaúrræði og fjármálalæsi á vegum Janusar endurhæfingar. Þá tók umboðsmaður skuldara þátt í kennslu í námi félagsráðgjafa við Háskóla Íslands í september 2016 ásamt því að félagsráðgjafanemar heimsóttu embættið. Einnig tók umboðsmaður skuldara þátt í kennslu í námi til löggildingar fasteigna- fyrirtækja- og skipasala á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands.

Í október tók embættið á móti pólskum sérfræðingi og fór yfir starfsemi embættisins. Í sama mánuði tók embættið einnig þátt í ráðstefnu í Nuuk á Grænlandi. Ráðstefnan fjallaði um félagslega aðstoð og skuldaráðgjöf. Starfsmaður embættisins hélt þar erindi um starfsemi embættisins og þau úrræði sem það býður upp á.

Tveir meistaranemar í lögfræði við Háskóla Íslands voru á haustmánuðum í starfsnámi hjá embættinu. Alls var um 160 klukkustunda starfsnám að ræða hjá hvorum nema sem dreifðist á um tveggja mánaða tímabil. Með starfsnáminu gafst þeim tækifæri til að öðlast starfsreynslu með því að takast á við raunveruleg úrlausnarefni.

Umboðsmaður skuldara vinnur nú að nýju verkefni tengdu fræðslu og kynningarmálum. Áhersla verður lögð á að efla samstarf við stofnanir og samtök sem eiga í samskiptum við einstaklinga sem eiga í fjárhagserfiðleikum. Verkefnið felst í því að veita fræðslu um hlutverk og úrræði embættisins og er markmiðið að ná til þeirra sem þurfa aðstoð vegna greiðsluvanda og bæta aðgengi þessa hóps að embættinu.

Fræðsla starfsmanna

Á árinu 2016 var boðið upp á fimm fræðslufundi fyrir starfsmenn embættisins. Dæmi um efni sem fjallað var um var fjármálahegðun, umfjöllun um lestur ársreikninga og verklag kröfuhafa þegar viðskipavinir þeirra lenda í greiðsluvanda.

Nítján starfsmenn umboðsmanns skuldara sóttu Stokkhólm heim í byrjun desember 2016. Starfsmenn heimsóttu Kronofogden, Försakringskassan, Swedbank og Intrum Justitia og fengu kynningu á sænska greiðsluaðlögunarferlinu, á því hvernig Swedbank kemur til móts við viðskiptavinum í greiðsluvanda, hvernig innheimtuferli krafna er í Svíþjóð og hvaða lausnir bjóðast ásamt kynningu á sænska almannatryggingakerfinu.

Haldnir voru sex starfsmannafundir á árinu 2016. Starfsmannafundir eru góð leið til að miðla fróðleik og samræma vinnubrögð. Á fundunum var farið yfir tölulegar upplýsingar varðandi málafjölda hjá embættinu hverju sinni og línur lagðar fyrir komandi tímabil.

Samstarfsaðilar / verkefni sem UMS er hluti af

- Velferðarvaktin
- Reykjavíkurborg og Velferðarráðuneytið – tilraunaverkefnið TINNA
- ECDN – European consumer debt network

Kynningar og fræðslufundir fyrir starfsmenn

- LÍN, fræðsla - janúar
- Bjarni Frímann Karlsson, lestur ársreikninga - mars
- Haukur Hilmarsson, ráðgjafi í fjármálahegðun - apríl
- Innheimtustofnun sveitarfélaga - september
- Arion banki - nóvember

Dómsmál er snertu málefni skuldara

Deiluefni um álagningu dráttarvaxta í greiðsluskjóli

Þegar umboðsmaður skuldara hefur samþykkt umsókn um greiðsluaðlögun hefst tímabundin frestun greiðslna, svokallað greiðsluskjól, á meðan leitað er greiðsluaðlögunar. Þess skal getið að þeir einstaklingar sem sóttu um greiðsluaðlögun fyrir 1. júlí 2011 nutu greiðsluskjóls allt frá því umboðsmaður skuldara móttók umsóknir þeirra, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Á meðan greiðsluskjóli stendur er kröfuhöfum óheimilt að krefjast eða taka við greiðslu á kröfum sínum. Um nokkurt skeið hefur verið deiluefni hvort kröfuhafar hafa heimild til að leggja dráttarvexti á kröfur sínar í greiðsluskjóli.

Í 2. mgr. 11. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga er mælt fyrir um að kröfur skulu bera vexti í greiðsluskjóli. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Vextir falla á skuldir meðan á frestun greiðslna stendur en þeir eru ekki gjaldkræfir.“

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-203/2016 var ekki fallist á að Arion banka væri heimilt að leggja dráttarvexti á kröfur í greiðsluskjóli. Dómurinn taldi að rétt væri að skýra vaxtahugtakið í 2. mgr. 11. gr. laganna á þann veg að það næði eingöngu til almennra vaxta en ekki til dráttarvaxta, með vísan til lögskýringarsjónarmiða og lögskýringargagna.

Þegar ársskýrslan var rituð var ljóst að dóminum hafði verið áfrýjað til Hæstaréttar.

Túlkun fyrningarreglna í kjölfar gjaldþrots

Þegar kröfur fyrnast falla þær niður og kröfuhafar glata rétti sínum til efnda. Árið 2010 var gerð lagabreyting þar sem fyrningarfrestur krafna í kjölfar gjaldþrotaskipta var stytur í tvö ár. Með lagabreytingunni var jafnframt ákveðið að til þess að hægt væri að slíta fyrningu þyrftu kröfuhafar að höfða mál á hendur skuldara og fá viðurkenningardóm á fyrningarslitum, sbr. 165. gr. laga um gjaldþrotaskipti.

Í einu dómsmáli reyndi á túlkun þessara fyrningarreglna, þegar Lánasjóður íslenskra námsmanna bar fyrir sig að skuldari hefði slitið fyrningu námsláns með því að greiða afborgun eftir að gjaldþroti lauk og áður en krafan var fyrnd. Í dómi héraðsdóms var skuldari sýknaður af kröfum LÍN. Það var niðurstaða héraðsdóms að einungis væri hægt að slíta fyrningu með því að kröfuhafi höfði innan fyrningarfrests mál á hendur þrotamanni og

fái þar dóm um viðurkenningu á fyrningarslitum gagnvart honum. Þar sem fyrir lá að LÍN höfðaði ekki slíkt mál innan fyrningarfrests, breytti engu að mati dómsins þótt greidd hefði verið ein afborgun af láninu á fyrningartíma. Krafan var því talin fyrnd.

Hæstiréttur komst að annarri niðurstöðu í máli nr. 119/2016. Að mati Hæstaréttar var umrædd lagabreyting talin hafa falið í sér takmörkun á einhliða rétti kröfuhafa til þess að rjúfa fyrningu kröfu án tillits til vilja skuldara. Taldi dómurinn að með lagabreytingunni hafi hins vegar engin breyting verið gerð á því með hvaða hætti skuldari gæti rofið fyrningu kröfu á hendur sér, sbr. ákvæði fyrningarlaga. Að mati Hæstaréttar rauf skuldari því fyrningu kröfunnar með fyrirvaralausri afborgun og hófst þá nýr fyrningarfrestur. Krafan var því talin ófyrnd.

Rekstrarreikningur árið 2016

Tekjur	2016	2015
Markaðar tekjur	-251.855.835	50.924.528
Sértekjur	2.489.573	2.595.962
Tekjur alls	-249.366.262	53.520.490
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	271.785.824	290.463.247
Ferða og starfstengdur kostnaður	1.764.841	4.370.865
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.416.215	6.725.974
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	30.243.100	45.230.136
Húsnæðiskostnaður	31.069.297	31.031.783
	340.279.277	422.288.936
Eignakaup	332.556	1.236.872
Tilfærslur	27.386.369	29.923.926
Rekstrarafgangur (halli)	-617.364.464	-355.462.313
Fjármagnsgjöld	39.716	78.263
Afskrifaðar, tapaðar skammtímakröfur	0	-100.900.250
Tekjuafgangur / (halli)	-617.404.180	-254.640.326

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir	2016	2015
Fastafjármunir	0	0
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur, aðrar	2.823.103	141.379.323
Eignir alls	2.823.103	141.379.323
Eigið fé og skuldir		
Höfuðstóll í ársbyrjun	-66.122.080	188.518.246
Tekjuafgangur / (halli) ársins	-617.404.180	-254.640.326
Eigið fé	-683.526.260	-66.122.080
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður	654.909.055	0
Aðrar skammtímaskuldir	31.440.308	207.501.403
Skammtímaskuldir samtals	0	207.501.403
Skuldir samtals	686.349.363	207.501.403
Eigið fé og skuldir alls	2.823.103	141.379.323



Umboðsmaður
skuldara

Kringlunni 1 • 103 Reykjavík